

Alþingi
Erindi nr. P 143/1197
komudagur 6.3.2014



Nefndasvið Alþingis
Umhverfis- og samgöngunefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 4. mars 2014

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um siglingavernd, nr. 50/2004, lögum um loftferðir, nr. 60/1998, vopnalögum, nr. 16/1998, og lögreglugögum, nr. 90/1996, með síðari breytingum (laumufarþegar, stjórnvaldssektir, dagsektir, bakgrunnsathuganir, o.fl.).

Samtök ferðaþjónustunnar hafa farið yfir ofangreint frumvarp og vilja koma eftirfarandi á framfæri:

Samtökin telja að ákvæði 11gr. a. um viðamiklar bakgrunnsathuganir samræmist ekki efnistökmum í sáttmála ríkistjórnarinnar um endurskoðun á regluverki atvinnulífsins til einföldunar og aukinnar skilvirkni. Samtökin telja einnig að ákvæðið sé íþyngjandi fyrir íslenskt atvinnulíf og gangi mun lengra en kröfur ESB gera ráð fyrir og má í því samhengi nefna að lönd ESB hafa ekki gengið eins langt og frumvarp þetta gerir ráð fyrir.

Samtök ferðaþjónustunnar leggja til að a. liður 11gr. verði felldur brott í heild sinni.

SAF telja að innleiðingu tilskipana og reglna ESB, sem og annarra kvaða þurfi að framkvæma með sem mildustum og minnst íþyngjandi hætti fyrir atvinnulífið. Til að vinna að innleiðingu í samræmi við það er nauðsynlegt að hagsmunaaðilar séu hafðir með í ráðum þannig hægt sé að koma í veg fyrir óþarfa árekstra.

Virðingarfyllst
f.h. Samtaka ferðaþjónustunnar



Gunnar Valur Sveinsson